

taka með hÉrvillur, hjátrú og allt það, sem nefnt er fjölkyngi. Það má svo sem einu gilda, hvað helzt það er, maðurinn kemst eigi til viðurkenningar og þekkingar sannleikans nema gegnum flækjur og villur. Það eru villur, sem allt af eru leiðréttar, — flækjur, sem sífellt eru greiddar, — kenningar, sem þrásinnis eru endurbættar, er mennirnir um það tímaskeið nefna sannleika. — En hér þarf kannske nákvæmari skýringu yfir það, hvað hjátrú og fjölkyngi er, með því að ofangreind skýring er of óákveðin og yfirgripsmikil.

Tökum þá fyrst hjátrú, og munu allir vera á því, að hún sé villa eða skoðanir, er enga heimild eiga sér í trúarbrögðum eða vísindum. En svo kemur sá vandi, að kveða á um það, hverjar trúarlegar og vísindalegar skoðanir sé hjátrú eða hindurvitni. — Sé við trúarbrögð átt, þá kemur til athugunar, að trúarbrögðin eru mörg. Það, sem einum virðist því bæði hjátrúarlegt og heimskulegt, getur verið öðrum góð og gild trúarsetning. Þetta liggur í því, að trúarbrögð taka einlægum framförum og breytast að sama skapi. Því, sem kyrkjan á vissum tíma slær föstu sem óbreytanlegri trúarsetningu, getur hæglega öld eða öldum síðar skoðast sem fávísleg hindurvitni, og kyrkjan þá neydd til að útiloka það og fyrirdæma. Afskiftasvið trúarbragðanna verður því næsta reikult eftir því, frá hvaða sjónarmiði það er tekið.

Þessu til skýringar mætti tilfæra dæmi: Flestir menntaðir menn á Norðurlöndum munu á einu máli vera um það, að kalla trú á vætti, illa ára, afturgöngur, vofur og drauga einu nafni hjátrú og hindurvitni. Trú þeirra heimtar ekki tilvist slíkra vera, en öðru máli er að gegna með kaþólska, er enn hafa um hönd særingar, og það ekki eingöngu fávísir munkar, heldur og æðri klerkar kyrkjunnar. Eftir því að dæma heldur Kaþólskan því fram, að mögulegleiki sé fyrir því, að allir árar geti farið í manninn. Það sem vér því köllum örgustu hjátrú, er að skilningi kaþólskra gild trúarsetning.

Álfka má finna, að eigi sér stað á sjálfu umráðasviði vísindanna. Hér er það fyrir fram undir skoðuninni komið, hvort þessi eða hin fræðisetningin skuli nefnd hjátrúarleg eða ekki. Þannig getur maður eigi þverttekið fyrir það, að ekki megi gjöra gull, það sem miðaldaspekingarnir trúðu fastlega á. Það er nú